



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 28. ágúst 2025

SFS25090021

MINNISBLAÐ

Símafrí í grunnskólum

Í nýrri [aðgerðaáætlun](#) mennta- og barnamálaráðuneytisins fyrir árin 2025-2027 kemur fram að samræma eigi reglur um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í skóla- og frístundastarfi.

Staðan hjá grunnskólum Reykjavíkurborgar

Um það bil 70% skóla hafa lýst því yfir að þeir séu alfarið símalausir. Þeir skólar hafa bannað símanotkun alfarið á skólatíma í öllum árgöngum. Í þeim skólum hafa nemendur á unglingastigi ekki leyfi til að nota síma í frítíma sínum á skólatíma. Almennt er reglan sú að símanotkun er ekki heimil í grunnskólum nema með leyfi starfsfólks en hluti skólanna leyfir símanotkun á unglingastigi í frímínútum og hádegishléi.

Flestir skólar hafa sett sér reglur varðandi símanotkun í samráði við foreldra og nemendur sem eru vel upplýst um símaleysi og tilgang þess. Flestar reglurnar eru á þá leið að ef nemandi tekur síma með sér í skóla á að vera slökkt á honum og hann hafður í tösku eða skáp á skólatíma. Ef nemendur hafa síma uppi við minna kennarar á reglur og reglunum fylgt eftir.

Í vinnu skólanna við að verða símalausir hafa þeir lagt sig fram um að bæta afþreyingarmöguleika unglinga í frímínútum, þ.e. hafa til dæmis bætt aðstöðu til samveru, keypt spil, leyft aðgang að íþróttasal, útvegað búnað til útileikja og úthlutað tíma á íþróttavöllum á skólalóð til unglingastigs, líkt og gert er á yngsta- og miðstigi.

Foreldrasamfélag grunnskólabarna hefur kallað eftir samræmdum reglum varðandi símanotkun á skólatíma frá sveitarfélagi eða ríki.



Reykjavík



Skref annarra sveitarfélaga varðandi símalausa skóla

Leitað var eftir upplýsingum frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu varðandi samræmdar reglur um símanotkun nemenda. Í Reykjanesbæ, Garðabæ og Hafnarfirði eru ekki samræmdar reglur en skólar setja sér viðmið um símanotkun nemenda. Í Kópavogsbæ er verið að vinna að sameiginlegri stefnu sem mun innihalda samræmdar reglur um símanotkun nemenda. Á meðan sú vinna er enn í gangi setja skólarnir sínar eigin reglur. Akureyrarbær hefur sett fram nýjar samræmdar símareglur sem er kallaður *Símasáttmálann*. [Reglurnar](#) voru settar fram af fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrar og hafa tekið gildi.

